

Stakksberg ehf.
Stakksbraut 9
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 29. nóvember 2019

UST201901-188/H.E.

08.08.02

Efni: Reglubundið eftirlit, 10. október 2019, hjá Stakksberg ehf.

Þann 10. október sl. fór fram eftirlit í kísilverksmiðju Stakksbergs í Helguvík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Enginn rekstur er í verksmiðjunni eftir ákvörðun Umhverfisstofnunar um að stöðva starfsemi kísilverksmiðjunnar (sjá bréf 1. september 2017 og 22. janúar 2018), þar til viðunandi úrbætur hafi verið gerðar á verksmiðjunni vegna útistandandi frávíka. Unnið er að mati á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðra breytinga á verksmiðjunni. Rekstraraðili vinnur að frágangi og ráðstöfun úrgangs og hráefna af lóð verksmiðjunnar.

Í eftirlitinu komu fram tvö ný frávik

1. Grein 3.4 í starfsleyfi og reglugerð 851/2002 um grænt bókhald. Grænu bókhaldi fyrir árið 2018 var ekki skilað á tilsettum tíma (fyrir 1. maí) í samræmi við ákvæði viðkomandi reglugerðar. Gögnunum hefur verið skilað til stofnunarinnar og telst því frávikinu lokið.
2. Grein 3.4 í starfsleyfi og reglugerð 990/2008 um útstreymisbókhald. Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2018 var ekki skilað á tilsettum tíma (fyrir 1. maí) í samræmi við ákvæði viðkomandi reglugerðar. Gögnunum hefur verið skilað til stofnunarinnar og telst því frávikinu lokið



Halla Einarsdóttir

Virðingarfyllst



Ásta Maack

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurnesja

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stakksberg ehf Reykjanesbær



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	10.10.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarasdóttir
Fyrirtæki	Stakksberg ehf	Eftirlitsmaður	Ásta Maack
Heimili	Stakksbraut 9	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5905171940	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Kristleifur Andrésson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Þórður Magnússon	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í kísilverksmiðju Stakksbergs í Helgubík. Starfsemi verksmiðjunnar liggur niðri í samræmi við fyrirmæli Umhverfisstofnunar dags. 1. september 2017 og 19. janúar 2018.

Í eftirlitinu komu fram tvö frávik vegna gagnaskila en þar sem að gögnunum hefur nú verið skilað er frávikunum lokið.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var

1. Áætlanir um gangsetningu
2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
3. Viðbragðsáætlanir vegna mengunaróhappa/bráðamengunar hafs og stranda
 - a. tilkynningar vegna mengunaróhappa
 - b. Trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda
4. Skráningar og gagnaskil
5. Umgengni á lóð
 - a. Ástand olúgeyma – lekavarnir, árekstrarvarnir ofl.

1. Unnið er að mati á umhverfisáhrifum fyrir verksmiðjuna að meðtöldum fyrirhuguðum breytingum á verksmiðjunni. Unnið er að frummatsskýrslu. Umhverfisstofnun féllst á að umhverfisvöktunarmælingar lægju niðri þar til mánuði fyrir gangsetningu að frátöldum veðurmælingum sem eru í samræmi við samþykktu vöktunaráætlun. Vakin var athygli á lagabreytingum og breytingum með nýrri reglugerð 550/2018 er varðar starfsleyfisvinnslu, s.s. ákvæði um að rekstraraðila beri að fylgja útgefnum BAT-niðurstöðum fjórum árum eftir birtingu og ákvæði um skýrslu um grunnástand sem tekur til grunnvatns og jarðvegs. Evrópusambandið hefur gefið út leiðbeiningar fyrir skýrslur um grunnástand.

2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Með breytingu á lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru nú komin inn ákvæði um að tíðni eftirlitsferða skuli miðast við kerfisbundið áhættumat á umhverfisáhættu vegna starfseminnar. Umhverfisstofnun hefur unnið slíkt kerfisbundið áhættumat sem var kynnt rekstraraðila í eftirlitinu. Í lok árs hyggst Umhverfisstofnun taka heildræna rýni á niðurstöður áhættumatsins og nota til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða frá og með árinu 2020. Nánar er greint frá áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit og áætlun um reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar sem nálgast má á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

3. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir. Minnt var á að endurskoða áætlunina m.t. t. útgáfu nýs starfsleyfis. Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um tilkynningar mengunaróhappa var afhent í eftirlitinu. Þá var trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda lögð fram í eftirlitinu.

4. Skráningar og gagnaskil.

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað 13. júní sl. en engin starfsemi var á árinu 2018. Mengunarvarnaúnaður er ekki í notkun sem stendur. Síupokar eru óhreyfðir í hreinsivirkjunum og olúgildir eru ekki til staðar í verksmiðjunni. Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar frá síðasta eftirliti. Mælibúnaður er ekki í rekstri nema veðurstöðvar sem Orkurannsóknir sér um að þjónusta og kvarða reglulega. Búið er að ráðstafa stórum hluta af hráefnum fyrir utan kvarssand sem geymdur er í haug á lóðinni. Samið hefur verið um sölu á þeim viðarkolum sem eftir eru á lóðinni. Þau eru ýmist geymd í sekkjum eða í haugum í kolageymslum á lóðinni. Mælingar á útblæstri hafa ekki farið fram á árinu þar sem að enginn rekstur í er í gangi. Kvittanir móttökuaðila úrgangs voru afhentar í eftirlitinu

5. Að loknum eftirlitsfundi var gengið um verksmiðjuna og lóðina. All hvasst var í skoðunarferðinni en ekki voru merki um verulegt fok kola úr kolahaugum. Gengið var um verksmiðjuna og voru engar athugasemdir gerðar í þeirri skoðunarferð.

Frávik frá**Lýsing á fráviki**

Grein 3.4 í starfsleyfi og reglugerð 851/2002 Grænu bókhaldi fyrir árið 2018 var ekki skilað á tilsettum tíma (fyrir 1. maí) í samræmi við ákvæði viðkomandi reglugerðar. Gögnunum hefur verið skilað til stofnunarinnar og telst því frávikin lokið.

Grein 3.4 í starfsleyfi og reglugerð 990/2008 Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2018 var ekki skilað á tilsettum tíma (fyrir 1. maí) í samræmi við ákvæði viðkomandi reglugerðar. Gögnunum hefur verið skilað til stofnunarinnar og telst því frávikin lokið.

ANNAD

Rekstraraðili sendi inn fyrirspurn varðandi losun kælivatns íblönduðu frostlegi. Í svarbréfum stofnunarinnar dags. 17. apríl og 5. júlí sl. kemur fram að stofnunin telji að losun 20.000 L vatns með íblöndun Monopropylene Glycol T eða Corrshield MD4152 í styrkleika að hámarki 0,1% sé ekki líkleg til að valda mengun í frárennsli Helguvíkurhafnar. Umhverfisstofnun fer fram á að mælingar verði gerðar á styrk efnanna fyrir næstu losun og að Umhverfisstofnun og Heilbrigðisnefnd séu upplýst um niðurstöður þeirra áður en til losunar kemur.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.11.2019


Halla Einarsdóttir